



Takð fyrir okkur Páll og gleðileg jóla!

Félag íslenskra náttúrufræðinga þakkar Páli Halldórssyni farsælt og gott starf í þágu félagsmanna um áratugaskeið en Páll lét af störfum sem formaður FÍN fyrir á árinu.

Einnig óskar félagið félagsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Skrifstofa FÍN er að
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá kl.
09:00-12:00 og
13:00-16:00

Sími: 595-5175
Fax: 595-5179
Farsími: 864-9616
Netfang: fin@bhm.is
Veffang: www.fin.is
www.facebook.com

Starfsmenn á skrifstofu:

Marianna H. Helgadóttir
formaður

Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir
framkvæmdastjóri

Margrét Rafnsdóttir
skjala- og upplýsingafulltrúi

Útgefandi: FÍN

Ábyrgðamaður:
Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir

Upplag:
Netútgáfa

Forsíðumynd:
Margrét Eggertsdóttir fram-
kvæmdastjóri SIGL

Kæru félagsmenn

Frá því að ég tók við sem formaður FÍN þann 8. apríl sl. hefur ýmislegt verið á döfinni hjá félaginu og mun ég nú fara lauslega yfir það helsta sem félagið hefur verið að vinna að.

Ég vil byrja á því að nefna það að samhliða því að sinna formannshlutverkinu sinnti ég framkvæmdastjórástöðu hjá félaginu, allt frá desember 2006 og þar til ráðinn var nýr framkvæmdastjóri til félagsins, Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir, sem hóf störf hjá félaginu þann 1. ágúst sl. Skrifstofan er því full mönnuð með sterka einstaklinga innanborðs til að takast á við verkefni sem fyrir liggja.

Lífeyrismál

Bandalag háskólamanna, ásamt Kennarasambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja undirritaði samkomulag við ríki og sveit, um breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna, þrátt fyrir að FÍN hafði lagst gegn því. Með meirihluta atkvæða á formannaráðsfundi var samþykkt að ganga frá þessu samkomulagi. Lagafrumvarp sem byggir á þessu samkomulagi var ekki afgreitt á síðasta þingi eins og gert var ráð fyrir og félagið hefur veitt þessu frumvarpi umsögn sem er aðgengileg á vefsvæði FÍN.

Með samkomulaginu og væntanlegri lagabreytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) er fyrst og fremst verið að gera grundvallarkerfisbreytingu á LSR A-deild og Brú (Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga A-deild), en breytingin nær ekki til B-deildar LSR.

Kerfisbreytingin felst í því að í stað þess að sjóðfélagar ávinni sér réttindi með jafnri ávinnslu eins og nú er munu sjóðfélagar ávinna sér réttindi með aldurstengdri ávinnslu eins og er í almennum lífeyrissjóðum á almennum markaði. FÍN telur að þessi breyting sé af hinu góða en telur ekki rétt að þessari breytingu staðið. Ástæða þess er sú að framtíðarstarfsmenn ríkis og sveitarfélaga, þ.e.a.s. sem hefja störf hjá hinu opinbera frá og með 1. janúar 2017, munu fá lakari réttindi í lífeyrissjóði LSR og Brú en þeir opinberu starfsmenn sem eru starfandi hjá hinu opinbera og eru nú þegar sjóðfélagar í LSR og Brú á árinu 2016. Laun þessara nýju starfsmanna verða sambærileg og hjá öðrum opinberum starfsmönnum en í flestum tilvikum lakari en en fyrir sambærileg störf á almennum markaði.

Pistill formanns

Í samkomulaginu er þess getið að á næstu árum eigi að greina launamun á milli opinbera - og almenna markaðarins og að stefnt skuli að því að færa launakjör hins opinbera nær því sem gengur og gerist á almennum markaði. Samkvæmt samkomulaginu þá getur það tekið allt að 6-10 ár að greina launamuninn og að koma einhverjum breytingum á launakjörum í framkvæmd þar sem svigrúm til leiðréttinga hefur ekki reynst vera mikið. Það er að mati FÍN með öllu óásættanlegt að frá þessu hafi ekki verið gengið frá samhliða breytingum á lífeyrisréttindunum.

Samkomulagið nær til þeirra sem nú eru sjóðfélagar í þessum deildum og eiga sjóðfélagar því að vera jafn vel settir fyrir og eftir breytingu. Þessi breyting á ekki hafa áhrif á þá félagsmenn FÍN sem eru í starfi hjá ríkinu eða sveitafélagunum og ætla sér að starfa hjá þessum aðilum og munu starfa hjá þessum aðilum þar til þeir hefja töku lífeyris. Í samkomulaginu kemur fram að sjóðfélagar í LSR og Brú á árinu 2016 eiga réttindi samkvæmt gamla ávinnslukerfinu, þ.e. réttindi sem byggð eru á jafnri ávinnslu.

Þess má geta að sjóðsstjórnir beggja A-deilda hafa, á sl. 7-8 árum, meðvitað rekið lífeyrissjóðina með tapi, þ.e.a.s. deildirnar standa ekki undir lögbundnum skyldum sínum. Ástæða þessa er sú að lög voru sett á Alþingi sem heimiluðu stjórnnum sjóðanna að reka sjóðinn með halla. Slík heimild, frumvarp, var ekki lögð fyrir á síðasta þingi. Því urðu sjóðsstjórnir lífeyrissjóðanna að hækka iðgjald launagreiðanda, sem sjóðsstjórnirnar hafa nú tilkynnt um. Sú breyting mun taka gildi um áramót hafi lagafrumvarp um breytingar á lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna ekki verið afgreitt frá Alþingi.

Með samkomulaginu var afnumin svokölluð bakábyrgð, sem margir rugla saman við ríkisábyrgð. Bakábyrgð felst í því að ef sjóðurinn verður fyrir áfalli þá ber stjórnnum sjóðanna að hækka iðgjöld launagreiðanda. Eftir að þessi bakábyrgð hefur fallið úr gildi þá verður sjóðsstjórn að skerða lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga ef halli er á sjóðnum því með samkomulaginu fellur heimild sjóðsstjórna til að hækka iðgjald launagreiðanda. Standi sjóður á almennum vinnumarkaði ekki undir skuldbindingum sjóðsins ber stjórn sjóðsins að skerða réttindi sjóðfélaga.

Með samkomulaginu er gengið frá greiðslum til sjóðanna til að greiða upp áfallinn halla sjóðanna og jafnframt á sjóðurinn að standa undir réttindum núverandi sjóðfélaga vegna umræddra kerfisbreytinga. Einnig var settur á stofn varasjóður sem á að vera til staðar næstur 25 árin, fyrir sjóðfélaga sem eru sjóðfélagar á árinu 2016, til að taka á mögulegum áföllum sjóðsins þar sem bakábyrgðin fellur niður.

Staðan núna er því sú að samkomulag er í gildi milli aðila, en það er ekki orðið virkt þar sem laga-breytingin er enn ófrágengin.

Gerðardómur vegna kjarasamninga ríkisins

Með gerðardómi frá 14. ágúst 2015 var ákvæði um mat á menntun sem taka átti gildi frá og með 1.júní 2016, en gerðardómurinn er aðgengilegur á vefsvæði FÍN. Kjara- og mannauðssýsla ríkisins (KMR) og Bandalag háskólamanna (BHM) túlka menntunarákvæði gerðardóms ekki með sama hætti og því miklar líkur til þess að aðildarfélög BHM sem eru aðilar að gerðardómi verði að leita úrskurðar hjá Félagsdómi hvernig eigi að túlka gerðardóminn.

Pistill formanns

FÍN hefur tekið saman túlkun sína á gerðardómi og er sú túlkun, ítarlegri en hér er um fjallað, aðgengileg á vefsvæði FÍN.

Í fyrsta lagi telur FÍN að til útfærslu menntunarákvæða sé kveðið á um að 1,65% sé lágmarksfjármagn sem stofnanir fá bætt frá ríkinu við útfærslu á menntunarákvæðum gerðardóms (sbr 5. gr. gerðardóms). Komi upp tilvik þar sem menntunarákvæði í stofnanasamningum eru nú þegar í samræmi við menntunarákvæði gerðardóms á að nota 1,65% til útfærslu annarra þátta í stofnanasamningi eftir atvikum.

Í öðru lagi heldur gerðardómur því vel til haga að sérákvæði gilda um FÍN þar sem FÍN er með aðra launatöflu en önnur aðildarfélög BHM. Þar kemur sérstaklega fram að 2 álagsþrep hjá aðildarfélögum BHM sem eru með BHM launatöfluna jafngildir 2 launaflokkum í launatöflu FÍN. Sérstaklega er tekið dæmi um að 4 álagsþrep hjá BHM-aðildarfélagi jafngildir 4 launaflokkum hjá FÍN. Þess má einnig geta að 2 álagsþrep hjá aðildarfélögum BHM jafngildir einum launaflokki hjá aðildarfélögum BHM. Það kemur fram í 1-2.2 að meta eigi persónu- og tímabundna þætti í álagsþrepum hjá aðildarfélögum BHM og í launaflokkum hjá FÍN.

Það er ljóst af umfjöllun gerðardóms að hann hafi ætlað sér að gæta jafnræðis við mat á menntun. Dómurinn rökstyður sérstaklega mun á félögunum hvað varðar mat á viðbótarmenntun umfram grunnröðun. Útskýrir dómurinn að þó félagsmenn FÍN fái hærra mat á menntun þar skýrist það af því að hækkun BHM-aðildarfélaganna hafi verið meiri vegna leiðréttingar á launatöflu BHM heldur en hækkunin var vegna leiðréttingar á launatöflu FÍN.

Flest allir stofnanasamningar FÍN eru þannig úr garði gerðir að starfið er í flestum tilvikum metið út frá ábyrgð og verksviði og menntun svo metin sérstaklega. Þar af leiðandi á það við að nota greinar 11.3.3.2 við mat á menntun þegar FÍN er annars vegar. Þrátt fyrir grein 11.3.3.1 þá er með engu móti hægt að skilja gerðardóm þannig að mat á menntun/ECTS einingum hjá félagsmönnum FÍN eigi að vera lakara en hjá BHM aðildarfélögunum, þegar gerðardómur hefur sérstaklega áréttað að 4 álagsþrep hjá BHM jafngildir 4 launaflokkum hjá FÍN.

Félagið hefur gengið frá endurskoðun á nokkrum stofnanasamningum þar sem menntunarákvæði gerðardóms hafa verið leidd til lykta. Þar á meðal er Nýsköpunarmiðstöð, Landhelgisgæslan, Vinnueftirlitið og Háskóla Íslands. Í öllum þessum samningum hefur verið samið um að fjórða árs nám (bakkalárgráða + viðbótarár) gefi 2 launaflokka, meistaranám gefi 4 launaflokka og doktorspróf leiði til 6 launaflokka hækkunar frá grunnlaunum. Samningar þessir eru aðgengilegir á vefsvæði FÍN.

Félagið telur mjög brýnt, þrátt fyrir að aðeins hafi verið samið við mjög fáar stofnanir um útfærslu gerðardóms, að stofnanir greiði, án tafa, félagsmönnum FÍN þær launauppbætur sem þeim ber að fá samkvæmt ákvæðum gerðardóms afturvirktil til 1. júní 2016 og frá þessu verði gengið fyrir áramótin. Það getur stofnunin gert þrátt fyrir að ekki hafi verið gengið frá samkomulagi við félagið um breytingar á stofnanasamningi. Það liggur alveg ljóst fyrir að ekki mun nást að ganga frá samningum við allar ríkisstofnanir fyrir áramótin.

Pistill formanns

Kjarasamningar

Samningar eru lausir við ríkið í lok ágúst á næsta ári, 2017, en samningar við sveitarfélögin og Reykjavíkurborg gilda til marsloka 2019. Samningar við Samtök atvinnulífsins eru í gangi, en sá samningur snýr að réttindum félagsmanna í aðildarfélögum BHM og starfa á almennum markaði.

Það liggur því fyrir að félagið mun hefja undirbúning að gerð kröfugerðar og hefja undirbúning kjaraviðræðna á fyrri hluta næsta árs. Vinnustaðafundir og starfsdagar trúnaðarmanna og stjórnar félagsins verða því á dagskrá fljótlega á næsta ári.

Orlofshús FÍN

FÍN hefur lengi vel staðið að orlofshúsarekstri samhliða því að Orlofssjóður BHM rekur mjög stóran, sterkan og veglegan orlofssjóð. Komið er að viðhaldi á sumarhúsi FÍN, Fullsæl, sem er í eigu félagsins og er staðsett á Suðurlandi í landi Syðri Reykja skammt austan við Laugarvatn. Komið er að endurnýjun hluta innbúsins og samningur við Skógræktina um Skógarkot, í Norðtunguskógi, á Vesturlandi, er útrunninn og hann þarf að endurnýja, en framlenging á þeim samningi var gerður til bráðabirgða fram á næsta haust.

Mikilvægt er að afstaða félagsmanna liggja fyrir reglulega um hvort félagið eigi að vera í orlofshúsarekstri. Því mun félagið, fljótlega á næsta ári, standa fyrir könnun meðal félagsmanna til að kanna afstöðu þeirra til þess að félagið reki sérstaklega orlofshús samhliða orlofshúsarekstri Orlofssjóðs BHM. Niðurstöður úr þeirri könnun verða kynntar á aðalfundi félagsins í mars 2017 og ákvarðanir þar af lútandi teknar á þeim fundi.

Kosning í trúnaðarstöður á aðalfundi

Einnig vil ég minna á að lög félagsins gera ráð fyrir að þeir félagsmenn sem eru í FÍN og hafa áhuga á að bjóða sig fram til trúnaðarstarfa þurfa að bjóða sig fram formlega eigi síðar en 1. febrúar nk.

Kosið er í trúnaðarstörf þannig að annað árið er helmingur í kjör og hitt árið hinn helmingurinn í kjöri. Í fréttabréfinu kemur fram hvaða trúnaðarstörf eru í kjöri næsta árið. Ég hvet félagsmenn til að bjóða sig fram til trúnaðarstarfa og minni jafnframt á mikilvægi þess að félagsmenn nýti sér rétt sinn að kjósa sér trúnaðarmann á sínum vinnustað.

Stéttarfélag háskólamenntaðra matvæla og næringarfræðinga (SHMN)

Okkur er einnig ljúft að tilkynna félagsmönnum okkar að SHMN hefur ákveðið að ganga inn í FÍN frá og með næstu áramótun og því verður fjölgun í félaginu um næstu áramót. Við bjóðum þau hjartanlega velkomin til okkar og vonum að þau njóti þess að vera félagsmenn í FÍN.

Góðar stundir

Að lokum óska ég félagsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og vona að veturinn fari vel með okkur og gefi okkur kraft til að sækja fram á nýju ári og ná fram þeim kjarabótum sem félagsmenn okkar munu fara fram á.

Með bestu jóla- og nýárskveðju,

Maríanna H. Helgadóttir, formaður FÍN

Tilkynningar frá félaginu

Aðalfundur félagsins

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og hann skal halda eigi síðar en í mars ár hvert og skal hann boðaður öllum félagsmönnum bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Lögum félagsins er aðeins hægt að breyta á lögætum aðalfundi með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða.

Tillögur félagsmanna að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. febrúar 2017 og verða tillögur um lagabreytingar kynntar í fundarboði.

Stjórn FÍN hefur ákveðið að halda aðalfund félagsins þann 30. mars 2017 og eru félagsmenn hvattir til að taka daginn frá og mæta á aðalfund.

Nánari upplýsingar ásamt dagskrá verða sendar út þegar nær dregur aðalfundi.

Sjóðfélagar í Styrktar- eða Sjúkrasjóði BHM athugið!

Umsóknir og gögn sem miðast við almanaksárið 2016 þurfa að berast rafrænt í síðasta lagi 9. desember næstkomandi. Sama gildir um gögn vegna umsókna sem þegar hafa borist.

Við viljum hvetja þig til þess að kynna þér rétt þinn í Styrktarsjóð og Sjúkrasjóð. Notar þú gleraugu eða heyrnartæki? Hefurðu farið til tannlæknis? Áttir þú barn á árinu? Stundar þú líkamsrækt? Hefur þú farið í skimun vegna krabbameins eða heimsótt Hjartavernd? Farið til sjúkráþjálfara, sálfræðings eða næringarfræðings? Sjóðirnir styrkja allt þetta og meira auk þess sem þeir tryggja framfærslu okkar þegar við verðum fyrir áföllum s.s. í fjarveru frá vinnu vegna veikinda og við andlát.

Styrkumsóknir eru afgreiddar í hverjum mánuði. Umsóknir og fullnægjandi gögn sem berast í síðasta lagi 9. eru greiddar út 24.-26. dag sama mánaðar.

Umsóknir eru sendar inn með rafrænum hætti í gegnum [Mínar síður BHM](#) – þar má einnig sjá stöðu umsókna ef þið eruð í vafa um hvort þið hafið fengið greitt.

Nálgast má úthlutunarreglur á [heimasvæði sjóðanna](#).

Nánari upplýsingar gefa fulltrúar sjóðanna:

Ingunn Þorsteinsdóttir vegna Styrktarsjóðs (opinberir starfsmenn): Sími 595-5111

Benóný Harðarson vegna Sjúkrasjóðs (starfsmenn á almennum markaði): Sími 595-5120

Vísindasjóður FJN

Kannaðu þetta, þú gætir átt rétt á styrk!

Almennur umsóknarfrestur um styrk úr Vísindasjóði FJN er frá 1. desember til 31. janúar 2017. Eigi greiðsla að berast 22. desember nk. verður umsókn að berast eigi síðar en 16. desember 2016. Umsóknir sem berast frá og með 17. desember 2016 til 31. janúar 2017 verða greiddir í janúar 2017. Allir styrkir verða afgreiddir eigi síðar en 31. janúar 2017, svo fremi að allar upplýsingar liggi fyrir.

Styrkurinn fyrir árið 2016 verður 140.000,- kr. miðað við 100% starfshlutfall á tímabilinu 1. nóvember 2015 til 31. október 2016 og verður styrkurinn lagður inn á reikning umsækjanda.

Í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og FJN sem undirritaður var þann 21. desember 2015 var iðgjald í Vísindasjóð FJN vegna félagsmanna FJN sem starfa hjá borginni hækkað úr 1,5% í 1,6%. **Vísindasjóðsstyrkur til félagsmanna sem starfa hjá Reykjavíkurborg verður því 146.000 kr. fyrir árið 2016, í samræmi við hækkun iðgjalda frá vinnuveitanda.**

Sækja skal um styrkinn rafrænt á heimasíðu FJN - Mínar síður: <https://www.bhm.is/minar-sidur>.

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum hafa sjóðsfélagar sem hafa greitt í sjóðinn. Greitt er í sjóðinn fyrir þá aðila sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sambandi sveitarfélaga. Ríkisstarfsmenn eiga ekki rétt úr sjóðnum. Á almennum markaði er hægt að semja um það í ráðningarsamningi að greitt sé í Vísindasjóð FJN og þá getur sá hinn sami sótt um styrk úr sjóðnum.

Ef þú veist ekki hvort þú eigir rétt á styrk úr Vísindasjóði FJN er best að fara inn á mínar síður og kanna það. Sjáir þú þar hnapp sem heitir Vísindasjóður þá áttu mögulega rétt úr sjóðnum. Ef enginn hnappur er sýnilegur þá áttu ekki rétt á greiðslum úr Vísindasjóði.

Engin gögn þurfa að fylgja umsókn og hægt er að fylgjast með vinnslu umsóknar á mínum síðum. Nánari upplýsingar eru á vefsvæði FJN: <http://www.fin.is/sjodir-og-styrkir/visindasjodur/>

Ef upp koma vandamál þegar sótt er um styrkinn þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofuna í síma 595-5175 eða sendið tölvupóst á netfangið fin@bhm.is

Desemberuppbót

Starfsmaður sem er við störf fyrstu viku nóvembermánaðar fær greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Þeir sem hafa hætt störfum á árinu njóta desemberuppbótar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sjá nánar ákvæði kjarasamninga.

Desemberuppbót verður **að lágmarki** sem hér segir:

Ríki:	82.000 kr.	árið 2016
Sveitarfélög:	100.000 kr.	árið 2016
Reykjavíkurborg:	90.700 kr.	árið 2016
Aðalkjarasamningur SA:	82.000 kr.	árið 2016

Trúnaðarstörf FÍN í kjöri á næsta aðalfundi

Eftirfarandi sæti eru í kjöri til stjórna og nefnda FÍN á næsta aðalfundi:

Varaformaður FÍN

Fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn FÍN: Kosinn af trúnaðarmönnum FÍN á fyrsta fundi trúnaðarmanna eftir aðalfund
8 sæti meðstjórnenda í stjórn FÍN

2 sæti aðalmanna í stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN

1 sæti aðalmanns og 1 varamanns til skoðunar reikninga

2 sæti aðalmanna og 1 varamanns í Siðanefnd FÍN

Eftirfarandi fulltrúar gegna í dag ofangreindum sætum í stjórnnum og nefndum FÍN:

Núverandi varaformaður FÍN:

Ína Björg Hjálmarsdóttir hjá Landspítala - Blóðbanka

Núverandi fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn FÍN:

Björg Helgadóttir hjá Reykjavíkurborg

Núverandi meðstjórnendur í stjórn FÍN:

Guðmundur Jóhannesson hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins,

Póroddur Fr. Póroddsson hjá Skipulagsstofnun,

Rakel Júlía Sigursteinsdóttir hjá Actavis,

Ólafur Eggertsson hjá Skógrækt ríkisins,

Stefanía Bjarnarson hjá Landspítala - Ónæmisfræðideild,

Sigurlaug Skírnisdóttir hjá Matís,

Sævar Ingþórsson hjá Háskóli Íslands

Stella Hrönn Jóhannsdóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Núverandi aðalmenn í stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN:

Kristjana Bjarnadóttir hjá Landspítala - Blóðbanka

Puríður Pétursdóttir

Núverandir skoðunarmenn reikninga:

Aðalmaður: Vala Friðriksdóttir hjá Tilraunastöð HÍ í meinafræðum að Keldum

Varamaður: Þorsteinn Narfason hjá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis

Núverandi aðal- og varamenn í Siðanefnd FÍN:

Aðalmaður: Marta Guðjónsdóttir hjá Reykjalundi

Aðalmaður: Jóna Freysdóttir hjá Landspítala

Varamaður: Viðar Helgason hjá Rannsóknamiðstöð Íslands

Ekki liggur ljóst fyrir hvort ofangreindir fulltrúar hyggjast gefa kost á sér að nýju fyrir næsta kjörtímabil.